

á húsaleigu voru leyfilegar. Þar sem hann hreyfði ekki mót-mælum við hækkunum og greiddi án alls fyrirvara, þykja ekki efni til þess að taka til greina kröfu stefnenda um endurgreiðslu.

Samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnendur til þess að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 338.000.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómarsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Afl s/f, Jón Guðjónsson, Einar Gunnarsson, Svavar Kristjánsson og Ingimar A. Magnússon, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, fjármálaráðherra vegna ríkis-sjóðs og iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefndu kr. 338.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fimmtudaginn 5. nóvember 1981.

Nr. 62/1980. **Anna Jónsdóttir**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Snæbirni H. Kristjánssyni og
Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-björnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1980. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á.,

27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til þess að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í málinu er ekki tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal mæliblöð og uppdrættir frá borgarverkfræðingi Reykjavíkur varðandi aðliggjandi fasteignir, bifreiðastæði og akbrautir. Af gögnum þessum kemur m. a. fram, að kvaðir eru um opin bifreiðastæði á lóðunum framan við húsin. Svæði það, sem í héraðsdómi er nefnt syðri akbrautin, er allt á einkalóðum, og þar hafa lóðarhafar gert bifreiðastæði eftir fyrirsögn borgaryfirvalda.

Bifreiðinni R 55902 var ekið af skipulögðu bifreiðastæðasvæði á einkalóðum út á umferðargötu. Gilda um þann akstur ákvæði 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Bar ökumanni R 55902, stefnda Snæbirni, því að víkja fyrir umferð um götu þá, sem í héraðsdómi er nefnd nyrðri akbraut. Á hann því sök á árekstrinum og ber sem eigandi ökutækisins ábyrgð á tjóni, sem af honum hlaust, skv. 69. gr. umferðarlaga. Samkvæmt þessu og 2. mgr. 74. gr. sömu laga ber því að dæma stefndu óskipt til þess að greiða áfrýjanda hina umkröfðu bótafjárhæð, 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Snæbjörn H. Kristjánsson og Samvinnu-tryggingar g/t, greiði óskipt áfrýjanda, Önnu Jónsdóttur, 2.812.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10.

janúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 18. október s. á. og 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals 3.500.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 25. þ. m., hefur Anna Jónsdóttir, Goðatúni 22, Garðabæ, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 18. október 1979 gegn Snæbirni H. Kristjánssyni, Jörfabakka 6, Reykjavík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð 281.214 kr. auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Vaxtakrafa stefnanda er endanlega þannig: 19% ársvextir af 281.214 kr. frá 10. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 18. október 1979, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Milli Suðurlandsbrautar og verslunarhúsanna sunnan hennar liggja tvær akbrautir samsíða Suðurlandsbraut frá Hallarmúla að vestan að Vegmúla að austan. Hvor þessara akbrauta er um 9 metra breið, en um 1 meters breið umferðareyja skilur á milli þeirra. Skörð í þessa umferðareyju tengja akbrautirnar saman. Heimilt er að aka þessar akbrautir í báðar áttir, og eru engar hömlur á umferð ökutækja um þær. Heimilt er að leggja bifreiðum á þessar akbrautir báðar. Á nyrðri akbrautina er bílum lagt báðum megin, en á syðri akbrautina einungis norðan megin, og þar er lagt á ská að umferðareyjunni. Akbrautir þessar bera ekki sérstakt götuheiti, enda eru þær hluti Suðurlandsbrautar og tengjast henni.

Miðvikudaginn 10. janúar 1979, kl. 1613, var lögreglunni tilkynnt um bifreiðaárekstur á móts við húsasundið á milli húsanna nr. 8 og 10 við Suðurlandsbraut. Óskar Ingólfur Ágústsson, eiginmaður stefnanda, hafði komið akandi á fólksbifreið stefnanda, G 3060, austur nyrðri akbrautina. Er hann kom að skarðinu milli umferðareyjanna móts við nefnt húsasund, var

fólksbifreið stefnda Snæbjörns ekið í veg fyrir bifreið stefnanda, og skullu bifreiðarnar saman á nyrðri akbrautinni á móts við skarðið milli umferðareyjanna. Stefndi Snæbjörn hafði komið akandi norður húsasundið, ekið yfir syðri akbrautina og var að byrja að sveigja bifreiðinni til vesturs inn á nyrðri húsagötuna, þegar áreksturinn varð, en bifreið stefnanda virðist hafa verið ekið um það bil á miðri húsagötunni. Mikil hálka var og snjóruðningur við umferðareyjarnar. Er atburður þessi varð, var kyrrstæð stór bifreið á nyrðri akbrautinni við umferðareyjuna vestan megin skarðsins, og náði framendi bifreiðarinnar að enda eyjunnar. Hindraði þessi bifreið útsýni ökumanna. Stutt hemlaför hafa mælst eftir báðar bifreiðarnar. Ekki er ágreiningur um fjárhæð bótakröfu.

Meginmálsástæða stefnanda er, að stefnda Snæbirni hafi borið að víkja samkvæmt undantekningarreglu 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Af hálfu hinna stefndu er aðallega byggt á því, að ökumanni bifreiðar stefnanda hafi borið að víkja fyrir bifreið stefnda samkvæmt 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Því er haldið fram af þeirra hálfu, að líta beri svo á, að þarna hafi verið vegamót hinna tveggja hús gatna eða akbrauta og að stefndi hafi verið að koma af syðri brautinni, sem sé vegur í merkingu 2. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 skulu þeir, sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstétt, víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á. Þar sem nefndar húsagötur svo og húsasundið virðast notuð til almennrar umferðar, verður að líta svo á, að svæði það, sem bifreiðarnar fóru um, hafi verið vegir í skilningi 2. gr. umferðarlaga. Fallast þykir mega á þann skilning stefnda, að vegamót hafi verið, þar sem áreksturinn varð í skilningi 2. gr. umferðarlaga. Samkvæmt 48. gr. umferðarlaga skal, þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá, sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

Stefnandi virðist byggja á því, að bifreið stefnda hafi verið ekið af einkavegi í veg fyrir bifreið stefnanda. Í þessu sambandi þykir verða að fallast á það sjónarmið stefndu, að svo beri að líta á sem bifreið stefnda hafi verið ekið af syðri húsagötunni inn á nyrðri húsagötuna í umrætt sinn, og syðri húsagatan verður ekki talin einkavegur í skilningi 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Undantekningarregla nefndrar málsgreinar verð-

ur að öðru leyti ekki talin eiga við í þessu sambandi. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á þá málsástæðu stefndu, að öku-
manni bifreiðar stefnanda hafi borið að víkja fyrir ökumanni
bifreiðar stefnda. Ekki þykir hafa verið leitt í ljós, að fyrir
hendi séu önnur atvik, sem stefndi ber ábyrgð á, þannig að
eigi að leiða til ábyrgðar hans á tjóni stefnanda. Samkvæmt
þessu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda
og dæma stefnanda til að greiða stefndu að óskiptu málskostnað,
sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað
upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Snæbjörn Kristjánsson og Samvinnutryggingar
g/t, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Önnu
Jónsdóttur.

Stefnandi greiði stefndu 150.000 krónur í málskostnað
innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför
að lögum.

Föstudaginn 6. nóvember 1981.

Garðar Björgvinsson

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Baldri Karlssyni

(Gunnar Sólmes hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Svein-
björnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30.
júli 1979. Dómkröfur hans eru þær, að stefnda verði gert
að greiða honum 481.75 krónur (48.175 gkrónur) með 13%
ársvöxtum frá 26. apríl 1975 til 21. nóvember 1977, 16%